

Nr. 060 / 11 Atlas SH 660***Leki kemur að bátnum***

Skipaskr.nr. 6223
 Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast
 Stærð: 5,2 brl. 5,6 bt.
 Mesta lengd: 8,57 m Skráð lengd: 8,47 m
 Breidd: 2,5 m Dýpt: 1,33 m
 Vél: Mercruiser 161 kW 2010
 Fjöldi skipverja: 1



Atlas©Þorsteinn Ragnarsson

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 9. maí 2011 var Atlas SH 660 á siglingu á Grundarfirði. Veður: NA 5-8 m/sek.

Skipstjóri varð var við óeðlilegan leka að bátnum og setti dælur í gang. Sigldi hann að næsta bát eftir aðstoð og bað hann að tilkynna jafnaframt strandstöð um ástandið. Hann hélt þegar til hafnar en á siglingunni höfðu dælur við lekanum og var báturinn strax hífður á land við komu til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir upptöku bátsins í Grundarfirði kom í ljós að ákoma var á bakborðsbóg á botni undir stýrishúsi. Botnmálning var brotin upp á svæði milli skara upp undir sjólinu og var 50 sm löng sprunga inn úr byrðing á annarri skör undir sjólinu. Var það eini staðurinn sem brot var í súð eða tætt lítilega upp úr efninu. Öll fjögur skrufublöð báru þess merki að hafa orðið fyrir höggi því yst á þeim var flipi beygður aftur;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa orðið var við að hafa tekið niðri eða að nein óeðlileg högg kæmu undir bátinn annað en sem kemur frá öldu. Eftir



hádegi sigldi hann vestur fyrir Búlandshöfða og til baka nokkru síðar og þá hafi komið högg eins og koma í vindbáru;

- að vegna slæms talstöðvarsambands við Melrakkaeyju fór hann að næsta bát til að fá aðstoð;
- að fram kemur í leiðarreikningi í ferilkorti úr AIS-kerfi bátsins að hann var að veiðum vestast á veiðisvæðinu og tekur þar nokkur rek. Klukkan 14:30 heldur báturinn austur eftir á ferð frá 10 í allt að 21 hnútum til kl. 15:02 þar sem tekin eru tvö mis löng rek til kl 15:57. Eftir það er stefna sett til hafnar og kl. 16:02 er minnsta fjarlægð til bakborða upp í grynningar vestur af Akurtröðum. Siglingaferillinn bendir ekki til þess að svo nærri hafi verið siglt að báturinn tæki niðri. Siglt var með misjöfnum hraða til hafnar og lá leiðin yfir grynningar suður af Flankaskersgrunni sem var á stjórnborða .

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.